

## 12. stjórnarfundur EBAK haldinn þ. 12. desember 2024 kl. 15.

Formaður setti fund, allir stjórnarmenn mættir nema Valgerður Jónsdóttir sem tilkynnti forföll.

### Dagskrá:

#### 1. Bugðusíða 1

Borist hefur svarbréf frá Sjálfsbjörgu vegna erindis EBAK um mögulega stækkun Bugðusíðu 1 til suðausturs. Stjórn Sjálfsbjargar hafnar alveg þessum möguleika.

Stjórn EBAK mun eftir áramótin leita til bæjaryfirvalda vegna húsnæðismála EBAK.

#### 2. ÍBA 55+ Lífsgæðakjarni

Formaður kynnti vinnu í Drift varðandi þróun íbúðahverfis fyrir eldri borgara (ÍBA 55+) sem hugsanlega væri staðsettur sunnan Naustahverfis og vestan Hagahverfis. Niðurstöðu um hugsanlegt áframhald þeirrar vinnu á vegum Drift má vænta fljótlega.

Ef af verður er þursaholtið hugsað sem fyrsta verkefni ÍBA 55+.

#### 3. Preifingar um leiguíbúðir við Kjarnagötu 53

Rætt var aftur um hvort EBAK eigi að gera samning við L2 (sjá 3ja lið fundargerðar 26. nóv. sl.) um að reyna að útvega leigjendur að Kjarnagötu 53. Kynnt voru drög að samningi EBAK við L2 og sýndar tölur um leiguverð íbúðanna.

Stjórnin samþ. samhljóða að gera umræddan samning á forsendum EBAK.

### Önnur mál

#### a. Landsþing LEB

Næsta landsþing LEB verður haldið í Keflavík 29.4.2025.

#### b. Skógarböðin

Samþykkt var að fara með blómvönd til eigenda Skógarbaðanna í þakklætisskyni fyrir boð þeirra nýlega um ókeypis aðgang að Skógarböðunum í nokkra daga til félagsmanna EBAK.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16.10. Karl Guðmundsson ritari.

Karl Guðmundsson  
Kot Gudmundsson  
Björn  
Ólafur Karvatek  
Sigrún  
Margrét Marnó

Þorinn  
Dóra G. Hjelldóttir



